



Íslandsmót BTÍ í flokkakeppni 2010 í borðtennis

fer fram í TBR-Íþróttahúsinu við Gnoðarvog helgina 13.-14. febrúar 2010.

- Keppt verður í 1. deild kvenna, 2. deild karla og unglingsflokki:
 - **Drengja og stúlkna 19-21 árs** (árgangur 1989-1991),
 - **drengja og stúlkna 16-18 ára** (árgangur 1992-1994) og
 - **pilta og meyja 15 ára og yngri** (fæddir frá og með 1. janúar 1995)

Hverju félagi er heimilt að tilkynna eins mörg lið til þátttöku í hvern flokk og það óskar eftir. Liðum skal þá raðað eftir styrkleika A, B, C o.s.frv.

Í 2. deild karla er leikið eftir 3ja manna corbillion kerfi, í öðrum eftir 2ja manna:

Þriggja manna A:X, B:Y, C:Z, B:X, A:Z, C:Y

Tveggja manna A:X, B:Y, tvíliðaleikur, A:Y, B:X

Dagskrá mótsins:

Laugardagur 13. febrúar:

- kl. 13:00 flokkakeppni sveina 15 ára og yngri,
- kl. 13:30 flokkakeppni meyja 15 ára og yngri,
- kl. 15:00 flokkakeppni drengja 16-18 ára,
- kl. 15:00 flokkakeppni stúlkna 16-18 ára,
- kl. 16:00 1. deild kvenna.

Sunnudagur 14. febrúar:

- kl. 12:00 2. deild karla,
- kl. 13:00 flokkakeppni stúlkna 19-21 árs.
- kl. 13:00 flokkakeppni drengja 19-21 árs.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í öllum flokkum.

Síðasti skráningardagur er fimmtudaginn 11. febrúar til kl. 18:00.

Dregið verður í TBR-Íþróttahúsinu fimmtudaginn 11. febrúar kl. 19:30

Skráningar berist á netfangið pos@itn.is eða síma 8940040.

F.h. Mótshaldara, borðtennisdeildar Víkings
Pétur Ó. Stephensen

